

Sp.

364. Nefndarálit

[90. mál]

um till. til þál. um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlána-sjóða sjávarútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og fengið um hana umsögn frá þessum aðilum: Framkvæmdabanka Íslands, Seðlabanka Íslands, fiskimálasjóði, Fiskveiðasjóði Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samlagi skreiðarframleiðenda.

Öll sölusamtök útvegsins, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og fiskimálasjóður mæla einróma með samþykkt tillögunnar. Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn mæla einnig með, að tillagan verði samþykkt, en gera báðir nokkrar athugasemdir við stofnlán útvegsins og framkvæmd þeirra. Fiskveiðasjóður „hefur fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að umrædd athugun fari fram“, og bendir á nauðsyn þess, að fiskveiðasjóður fái aukið fjármagn til umráða.

Það er einróma álit nefndarinnar, að æskilegt sé, að sú athugun fari fram, sem till. gerir ráð fyrir, og leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, eins og hún liggur fyrir á þskj. 103.

Alþingi, 9. marz 1964.

Jón Þorsteinsson,
form.

Matthías Bjarnason,
fundaskr., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Ragnar Arnalds.

Sverrir Júlíusson.
Gísli Guðmundsson.

Einar Ágústsson.

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 6. febrúar 1964.

Framkvæmdabanka Íslands hefur borizt bréf frá allsherjarnefnd sameinaðs þings hins háa Alþingis, dagsett 18. janúar 1964, varðandi framkomna tillögu til þingsályktunar um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlána-sjóða sjávarútvegsins. Í bréfinu er beðið um umsögn bankans.

Framkvæmdabankinn er þeirrar skoðunar, að það sé mjög æskilegt, að tillaga þessi verði samþykkt og að athugun sú, sem hún gerir ráð fyrir, verði framkvæmd. Fer hér á eftir rökstuðningur fyrir þessari skoðun.

Nauðsynlegt er, að hinum ýmsu atvinnugreinum landsmanna sé gert kleift að útvega sér hæfilegt fé sem stofnlán með skaplegum kjörum. Til grundvallar skiptingu fjár til stofnlána, er Alþingi kynni að vilja ákveða, hlýtur að verða að liggja ákveðin skoðun um það, á hvern hátt atvinnuvegir þjóðarinnar muni þróast eða æskilegt sé að þeir þróist. Sameiginlegt er samt um alla atvinnuvegina, að æskilegt er, að hæfilegt hlutfall sé á milli eigin fjár atvinnurekendanna annars vegar og þess lánsfjár, sem þeir geta fengið fyrir atbeina hins opinbera, hins vegar. Það er óheilbrigt, að atvinnuvegur — og hvaða atvinnuvegur svo sem á í hlut — starfi að mestu leyti með stofnfé, sem fengið sé að láni. Gangi atvinnuvegurinn skaplega, getur þetta ekki grundvallast á öðru en því, að út úr þeim atvinnuvegi sé dregið óhæfilega mikið fé til annarra hluta. Það getur því ekki verið markmið í sjálfu sér að beina sem mestu fjármagni inn í tiltekinn atvinnuveg, hvernig svo sem á stendur og hvað sem öðrum atvinnuvegum líður. Höfuðvandamálið er rétt hlutföll.

Nauðsynlegt er, að allri þættir sömu atvinnugreinar eigi sem jafnastan aðgang að lánsfé. Lánin þurfa að vera í hæfilegu hlutfalli, miðað við þarfir atvinnuvegarins

í heild. Má í því sambandi benda á, að til fiskiskipa hefur Fiskveiðasjóður Íslands, samkvæmt greinargerðinni fyrir tillögunni, lánað samtals 508 milljónir króna, en til fiskvinnslustöðvanna aðeins 37 milljónir króna. Í þessum lánum til fiskiskipa munu þó ekki vera lán til togara. Nú er það vitað mál, að þegar skip eru keypt til landsins, þá er nauðsynlegt að leggja mikið fé í mannvirki vegna vinnslu sjávar-aflans í landi, vegna framleiðslu veiðarfæra og vegna ýmiss konar þjónustu við vélar, skrokk og veiðarfæri. Í þessa hluti þarf að leggja að minnsta kosti annað eins og fer í sjálft skipið. Auk þess eru síðan margvíslegar þarfir, sem standa í sambandi við stækkun flotans, svo sem hafnarbyggingar. Það er því augljóst mál, að það leysir alls ekki það vandamál að veita hæfilegu fjármagni sem stofnlánum til sjávarútvegsins að setja upp stofnun eins og Fiskveiðasjóð Íslands og láta hann síðan lána aðeins til bátakaupa og það ríflega, enda hefur reynslan orðið sú, að til þess að greiða fram úr brýnustu vandræðunum í sambandi við þarfir sjávar-útvegsins, aðrar en skipakaupin ein, hefur orðið að taka meginhlutann af öðru lausu fé, sem hefði átt að renna til annarra framkvæmda, og lána það til þess að bæta aðstöðu útgerðarinnar í landi. Þetta mikla misvægi er ástand, sem er óviðunandi til lengdar.

Þá er einnig mjög áriðandi, að fé sé tiltækt til þess að kosta með nýjungar í sambandi við framleiðslu sjávarútvegsins. Fiskimálasjóður var upphaflega stofnaður í þessu augnamiði, en hlutverki hans hefur í reyndinni verið breytt. Fé hans er nú að mestu tekið í fiskvinnslustöðvarnar, fé, sem hefði átt að nota til þess að kosta með nýjungar, helzt einnig rannsóknir. Óflun nýrrar þekkingar með tilraunum, prófunum og margvíslegu framtaki kostar mikið fé, en það fé, sem í þetta ætti að fara, er nú að miklu leyti notað til þess að halda jafnvægi milli hinna ýmsu þátta sjávarvöruframleiðslunnar. Framfarirnar eru því vanræktar. Þessu ástandi þyrfti að breyta.

Framkvæmdabankinn hefur, eins og stendur í greinargerðinni, lánað 161 milljón króna á undanfórnum 10 árum í sjávarútveginn, aðallega til frystihúsabygginga og til vélvæðingar frystihúsanna. En með tilliti til hinnar brýnu nauðsynjar þess að skapa og efla fleiri iðngreinar í landinu en sjávarvöruíðnaðinn, þá er það óæskileg ráðstöfun að binda til langframa fjármagn Framkvæmdabankans að einhverju verulegu leyti í sjávarvöruíðnaðinum. Þetta fjármagn þarf að vera tiltækt, til þess að hægt sé að nota það í sambandi við þarfir iðnvæðingarinnar yfirleitt og þá að sjálf-sögðu einnig til nýjunga á sviði fiskvinnslunnar.

Tiltölulega auðvelt er nú að fá lán til fiskiskipakaupa, en að sama skapi erfitt að fá lán til annarra þarfa sjávarútvegsins. Þetta er ótækt ástand og hefur leitt til ofþenslu í atvinnulífinu, þar sem hin mikla aukning bátaflotans (um 60% af rúmlestatölu á 5 árum) skapar stórauknar þarfir á fjölmörgum sviðum, eins og áður er á minnst. Hinn gífurlegi fiskiskipainnflutningur er ein ástæðan til þess, að skapazt hefur erfitt ástand á vinnumarkaðinum. Hinn mikli innflutningur fiskiskipa hefur skapað margvíslega auknar þarfir og misvægi og þar með mikinn þrýsting á flestum sviðum efnahagslífsins. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að skynsamlegra hefði verið að leggja eitthvað af því fé, sem farið hefur í kaup á nýjum fiskibátum erlendis og óhjákvæmilegar viðbótarframkvæmdir vegna tilkomu þeirra, í það að koma á laggirnar góðum og afkastamiklum skipabyggingaiðnaði, svo að fleira sé nefnt en fiskveiðar og fiskvinnsla. Sé með heilbrigðum hætti hægt að spara erlendan gjaldeyri, jafngildir það aukningi útflutningsins.

Með sérstakri virðingu,
Framkvæmdabanki Íslands.
Dr. Benjamín Eiríksson bankastjóri.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Alþingi.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 1. febrúar 1964.

Seðlabanka Íslands hefur borizt til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnlánamál sjávarútvegsins.

Efnisatriði þingsályktunartillögunnar eru þrjú. Í fyrsta lagi er rannsókn á möguleikum á auknum stofnlánnum til sjávarútvegsins. Í öðru lagi er athugun á samræmingu eða sameiningu stofnlánastarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Í þriðja lagi skipun nefndar til þess að vinna að þessu verkefni.

Seðlabankinn vill benda á eftirfarandi atriði í þessu sambandi:

- 1) Mjög ólíkt er farið um stofnlán vegna hinna tveggja meginþátta sjávarútvegsins, fiskiskipa annars vegar og vinnslustöðva hins vegar. Eftirspurn eftir lánsfé vegna fiskiskipa hefur verið fullnægt af fiskveiðasjóði með eðlilegum stofnlánnum, og hefur fé hans að langmestu leyti runnið til þess. Eftirspurn eftir lánsfé til vinnslustöðva hefur hvorki verið fullnægt né hafa þau lán, sem fengizt hafa frá ýmsum aðilum, að öllu leyti fullnægt þeim kröfum, sem gera þarf til fjáröflunar vegna framkvæmda. Aðstaða fiskiðnaðarins til lánsfjáröflunar hefur þó sízt verið lakari en annarra atvinnuvega. Auk þess má benda hér á, að síaukinn fiskiskipafloti kallar ekki aðeins á nýjar vinnslustöðvar, heldur einnig á hafnir og viðgerðarstöðvar með nýrri fjárfestingu, sem þeim hlýtur óumflýjanlega að fylgja.
- 2) Varhugavert er að líta á stofnlán sjávarútvegsins sem afmarkað vandamál, þar sem rekstrar- og afurðalán og eigið fé eru aðrar hliðar sama vandamálsins.
- 3) Lánamálum sjávarútvegsins verða ekki gerð skil til neinnar hlítar, nema einnig sé litið til hliðstæðra vandamála hjá öðrum atvinnugreinum og til efnahagsmálanna í heild. Breyting á lánamálum sjávarútvegsins gæti orðið fordæmi fyrir breytingum hjá öðrum atvinnugreinum. Hafa verður einnig í huga, að sú heildarfjárhæð, sem til er handa atvinnuvegum landsins, er takmörkuð, og verður þá ekki fram hjá því komizt, að því meira fé sem beint er af opinberri hálfu til sjávarútvegsins, því minna verður eftir til annarra þarfa.

Seðlabankinn fellst á það sjónarmið í grundvallaratriðum, sem fram kemur í þingsályktunartillögunni, að skipulagsbreyting sé æskileg á sviði lánamála sjávarútvegsins. Vel má hugsa sér, að öll stofnlán sjávarútvegsins verði veitt við eina stofnun, enda eigi þeir bankar, sem veita sjávarútveginum rekstrarlán, aðalaðild að stjórn slíkrar stofnunar. Með þessu mætti vera stefnt að því, að einn þáttur sjávarútvegsins fái ekki stofnlán á kostnað annars, eins og komið hefur fyrir. Bankinn er og meðmæltur því, að nefnd verði skipuð til þess að sinna verkefni því, sem í þingsályktunartillögunni felst, enda hafi hún meðal annars í huga í starfi sínu þau sjónarmið, sem koma fram í 3. lið hér að framan.

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands.

Jón G. Mariásson. Vilhjálmur Þór.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 28. janúar 1964.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 18. janúar, beiðzt umsagnar vörrar um tillögu til þingsályktunar um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlána sjávarútvegsins.

Vér mælum eindregið með því, að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt, og viljum taka undir þau rök í greinargerð tillögunnar, þar sem segir: „að aukin verði eðlileg stofnlán til sjávarútvegsins og þannig stuðlað að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegar landsmanna“.

Í greinargerðinni er enn fremur vakin athygli á því, að stofnlán sjávarútvegsins liggja m. a. í ýmsum sjóðum, er lánað hafa gegn ríkisábyrgð, svo sem lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingasjóði o. fl. Stór hluti tekna atvinnuleysistryggingasjóðs kemur frá útflutningsatvinnuvegunum. Verður því að teljast eðlilegt, að útlánastarfsemi hans beinist að verulegu leyti til þarfa útflutningsframleiðslunnar. Leyfum vér oss því að leggja til, að við endurskoðun og samræmingu útlánastarfseminnar í þágu fiskiðnaðarins og sjávarútvegsins verði þetta haft sterkt í huga.

Hin mikla endurnýjun fiskiskipastólsins og aukning sjávarafla útheimtir, að fiskvinnslustöðvar séu eflar og aðstaðan í landi bætt í þeim tilgangi, að hið verðmæta hráefni — fiskurinn — sé betur nýtt.

Viljum vér því leggja áherzlu á þýðingu þess, að sú aðstaða verði mynduð, er leiði til þess, að aukið fjármagn fari í undirstöðuatvinnugreinar þjóðarbúsins — sjávarútveg og fiskiðnað. Slík tilhögun mun efla hag þjóðarinnar og tryggja um leið aukna framleiðslumöguleika og afkomu hins mikla fjölda verkamanna, verkakvænna, sjómanna, útvegsmanna og fiskframleiðenda, sem eru meginstofnarnir í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Guðm. H. Garðarsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.